

## AUGLÝSING

119  
4. ágúst

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað:

### 1. gr.

6. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist þannig:

Á almannaferi má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, og bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða fyrir almannaferi og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum og öll skot að óþörfu bönnuð í landareign kaupstaðarins og innan takmarka hafnarinnar. Eggjataka í Hólmunum og annars staðar í landareign kaupstaðarins er bönnuð.

### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 4. ágúst 1944.*

**Einar Arnórsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## SAMÞYKKT

120  
8. ágúst

um breyting á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í Dalasýslu skulu vera þessir sýsluvegir:

1. Hörðudalsvegur. Af Þjóðveginum hjá Hörðudalsá fram hjá Tungu.
2. Hálsbærarvegur. Frá Snóksdalslæk að Bæjarbökkum.
3. Vegurinn frá Tunguárbrú ofan Sauðafells að Fellsendalæk.
4. Kvennabrekkuvegur. Af Þjóðveginum heim að Kvennabrekku.
5. Haukadalsvegur. Frá Haukadalsbrú að Krossi.
6. Lækjarskógsvegur. Af Þjóðveginum hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Laxárdalsvegur nyrðri. Frá Þjóðveginum fyrir ofan Búðardal um Goddastaðahlíð að Gillastaðarétt.
8. Ljárskógavegur. Frá Hjarðarholti að Ljárskógum.
9. Sjúkraskýsluvegur. Af Þjóðveginum heim að læknisbústaðnum í Búðardal.
10. Búðardalsvegur. Frá kaupfélaginu til sýslumannshússins.

- 120** 11. Laugavegur. Frá Þjóðveginum á Leysingjastaðamelum um Laugar að Sælingsdal.  
 8. ágúst 12. Hvammsvegur. Af Þjóðveginum hjá Skerðingsstöðum að Hvammi.  
 13. Efribygðarvegur. Af Þjóðveginum hjá Hellu um Túngarð, Orrahól á Þjóðveginum hjá Kjarlaksstöðum.  
 14. Dagverðarnesvegur. Af Þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.  
 15. Hnúksvegur. Af Þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.  
 16. Búðardalsvegur. Af Þjóðveginum við Búðardalsá að Búðardal.  
 17. Staðarhólsvegur. Af Þjóðveginum hjá Kirkjuhvoli um Staðarhólsdal að Hvammsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 102 1933 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Gunnl. E. Briem.*

**121**  
 10. ágúst

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 137 7. júní 1943.

Aftan við 13. tölulið 1. gr. samþykktarinnar bætist:

14. liður: Glitstaðavegur: Frá Norðurárdalsbraut við Hreðavatnsskála að Svartagili og Glitstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Gunnl. E. Briem.*

**122**  
 10. ágúst

## GJALDSKRÁ

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

- Til ljósa í íbúðarhúsum: kr. 1.50 fyrir hverja kilóvattstund.
- Til ljósa í verzlunarhúsum, skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum og vinnustöðvum, sláturhúsum og öðrum húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar: kr. 3.00 fyrir hverja kilóvattstund.
- Til iðnaðar og götulýsingar: kr. 0.90 fyrir hverja kilóvattstund.
- Leiga fyrir kilóvattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
- Verð á raforku til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefur heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.